
Myndir sem enginn mátti sjá



Hitler æfir sig. Einræðisherrann taldi myndina skemma ímynd sína og skipaði opinberum ljósmyndara sínum að eyðileggja filmuna.

Ekki lýgur ljósmyndin var einu sinni sagt. En það er bara hálfur sannleikurinn og stundum argasta lygi. Dæmi þessa má nú sjá í Proud Galleries í London. Þar eru m.a. til sýnis ljósmyndir, sem máttu ekki koma fyrir augu almennings af því þær sögðu sannleikann, og svo aðrar, sem voru lagaðar til þess að ljúga að almenningi. Freysteinn Jóhannsson skoðaði sýninguna.

SÝNINGIN í Proud Galleries dregur nafn af þeim ljósmyndum, sem við áttum ekki að fá að sjá á 20. öldinni, en sumar þeirra hafa ekki sézt opinberlega fyrr en nú.

Í hópi bönnuðu myndanna er ein af Adolf Hitler, tekin 1925, þar sem hann æfir látbragðið undir gamalli ræðu. Hitler óttaðist að myndin kynni að eyðileggja ímynd hans sem ræðumanns og skipaði opinberum ljósmyndara sínum, Heinrich Hoffman, að eyðileggja filmuna. Hoffman óhlýðnaðist Hitler og nú er mynd hans talandi tákn um þá hlið foringjans, sem ekki mátti sjást.

Ekki tókst yfirvöldum í Teheran heldur að koma í veg fyrir það 1989, að ljósmynd frá útför Khomeinis erkiklerks kæmist úr landi. Stjórnvöld gerðu upptækar og eyðilögðu allar aðrar filmur með myndum af því, er æst fólkið ruddist að líkbörunum og tætti sundur líkklæðin í leit að minjagripum. Á myndinni, sem rataði frá Íran, er lík erkiklerksins hálfnakið og hálfdregið af líkbörunum.

En það eru ekki bara stjórnvöld, sem vilja halda ljósmyndum frá almenningi. Fjölmiðlar eru fæstir því markinu brenndir að birta hvað sem er, en oft hefur sjálfskipuð ritskoðun þeirra tekið ómakið af stjórnvöldum. Í marz 1944 var tekin mynd í Farringdon í London af eftirleik loftárásar Þjóðverja. Picture Post birti ekki myndirnar, því þar á ritstjórninni töldu menn, að þær myndu draga kjarkinn úr stríðshrjáðum Lundúnabúum. Myndirnar voru fyrst birtar 1948. Árið 1950 urðu aftur átök á Picture Post vegna ljósmynda, sem teknar voru í S-Kóreu af norðurkóreskum stríðsföngum. Ritstjórinn, Tom Hopkinson, vildi birta myndirnar, en eigendur blaðsins töldu þær andstæðar vestrænum hagsmunum og Hopkinson varð að taka pokann sinn.

Áróður og blekking

Ljósmyndinni hefur löngum verið beitt í áróðursskyni. Fagurgljándi dráttarvélarnar við sovézka samyrkjubúið 1933 voru uppstilling, sem átti að leyna hungursneyð og milljónum mannslífa. Einræðisherrar á borð við Stalín og Hitler létu taka myndir af sér með litlum börnum til að fólk mætti sjá, að þeir hefðu sínar mjúku hliðar. Tony Blair, forsætisráðherra Breta, er sagður snillingur í að búa til ljósmyndatækifæri til þess að koma málum sínum til fólks. Og 1999 birtist mynd af Elísabetu Englandsdrottningu að tedrykkju hjá Susan McCarron í Glasgow, en eftir lát Díönu prinsessu hafa drottningin og fjölskylda hennar gert í því að bæta úr fjarlægri ímynd sinni í augum almennings.

Og svo eru það ljósmyndirnar, sem voru lagaðar að pólitískum þörfum hvers tíma.

Árið 1919 var tekin mynd í Moskvu af tuttugu fulltrúum á áttunda þingi kommúnista. Þessi mynd hefur ekki sézt opinberlega fyrr, en á valdatíma sínum lét Stalín taka ellefu þingfulltrúanna af lífi og þrír aðrir sviptu sig lífi til að mótmæla stefnu hans. Opinberlega birtist aðeins lítill hluti myndarinnar, þrenningin Stalín, Lenín og Kalinin. Síðan var Kalinin fjarlægður úr myndinni og 1938 var Lenín horfinn líka. Önnur mynd var tekin á Torgi hins himneska friðar, Tiananmentorgi í Kína 1976, þar sem Jiang Qing, ekkja Mao, og vinir hennar; fjórmenningaklíkan, var viðstödd útför Mao. Síðar voru þau svo fjarlægð úr ljósmyndum og þar á meðal þessari, sem var bætt með blómapottum og myndastyttum!

Moskva '54 - New York '99

En það er ekki bara að fólk sé látið hverfi úr myndum af sögulegri nauðsyn, heldur eru ljósmyndir líka falsaðar til að sýna fólk í öðru ljósi en raunveruleikanum. Og þarf hvorki í austurveg né langt aftur í tímann til þess að rekast á dæmi þess. 1996 birti The London Evening Standard mynd af John Prescott, aðstoðarforsætisráðherra Verkamannaflokksins, sem þá var í stjórnarandstöðu. Blaðið vildi sýna Prescott sem sósíalista hins ljúfa lífs og fjarlægði bjórflösku hans úr myndinni þannig að svo virtist sem Prescott væri að drekka kampavín borðnautar síns.

Listin hefur löngum reynzt valdhöfunum óþægur ljár í þúfu. Það er ekki munurinn á milli Krushchevs í Moskvu 1954 og Rudolph Giuliani í New York 1999. En eðlismunur, að á þessum tíma voru orð Krushchev lög og hann lét loka nýlistarsýningu með þeim ummælum að api hefði getað gert betur. Giuliani reyndi að kúga Brooklynlistasafnið til að úthýsa Sensationsýningunni brezku, en lögin reyndust safnsins megin, þannig að Giuliani hafði ekki erindi sem erfiði. En söm var gjörðin!

Það væri ástæða til þess að nefna miklu fleiri ljósmyndir á þessari sýningu. En nú á það heldur betur við, að sjón er sögu ríkari! Hér skal þó enn ein mynd tínd til; mynd sem tekin var af nafnlausum ljósmyndara í Santiago, Chile 1973. Á myndinni sést Salvador Allende forseti koma út úr byggingu í valdaráni hersins miðju. Myndin er tekin skömmu áður en hann var myrtur, en hún og aðrar myndir á filmunni sönnuðu, að hann var enn á lífi, þegar herinn sagði hann hafa framið sjálfsmorð í forsetahöllinni. Myndin barst New York Times sex vikum síðar og eins og í tilfelli ljósmyndarinnar frá Teheran er ljósmyndarinn ókunnur.

Það er í það heila tekið skelfing döpur veröld, sem blasir við okkur í ljósmyndunum í Proud Galleries. Undantekningarnar eru teljandi á fingrum annarrar handar. Dauðinn er víða nálægur, fangar og hermenn og hörmungar á hverju strái. Enda von; það eru helzt skuggahliðar okkar, sem við viljum leyna í lengstu lög. Og umfram allt gleyma. En það er eins og stöðug áminning sé okkur nauðsynleg. Það eru ljósmyndir eins og hauskúpuhaugurinn í Tuoi Slengbúðunum í Kambódíu, sem efla okkur í því að vilja ekki láta slíkt henda aftur. Þó ekki væri nema bara vegna þess, er tímanum í Proud Galleries vel varið.

Proud Galleris eru við Buckinhamstræti, steinsnar frá Charing Cross-stöðinni. Sýningin stendur til 25. febrúar.

Dagbókin um veg(g)inn

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

TEXTI & LJÓSMYNDIR HLYNUR HALLSSON

Hlutur Hlyns; til 3. febrúar. Opið daglega frá kl. 10 - 18. Aðgangur kr. 300.

ÁÆTLUNIN kallast Veg(g)ir og er henni ætlað að veita sex listamönnum tækifæri til að tjá sig beint á langvegginn á gangi Kjarvalsstaða. Það var Hlynur Hallsson sem reið á vaðið, en þegar þessi greinarstúfur birtist mun Daði Guðbjörnsson þegar vera kominn í gang með sína útgáfu. Hans þáttur mun standa fram til 24. febrúar. Þá tekur Ráðhildur Ingadóttir við og eftir henni Katrín Sigurðardóttir. Lestina munu svo reka þau Gunnar Örn og Ragnheiður Jónsdóttir.

Svona sýningamynstur er gjarnan kallað „Work in Progress" eða Verk í mótun. Það er þó sérstaða Veg(g)ja að þar tekur hver listamaðurinn við af öðrum og byrjar þá á hvítum grunni, því verk fyrri listamannsins hefur þá verið fjarlægt. Þannig er ekkert lát á mótuninni meðan listamennirnir sex glíma við langvegginn milli sýningarsalanna. Hið eina sem þeir hafa að leiðarljósi er frelsið til að gera hvaðeina á vegginn og því má búast við eins margbreytilegri útkomu hjá hverjum og einum og þeir eru margir listamennirnir.


Hlynur Hallsson kaus að gera dagbók á vegginn og skrá upplifun sína og Lóu, litlu dóttur sinnar, frá degi til dags meðan hlutur hans stæði yfir. Hvern dag lagði listamaðurinn leið sína á Kjarvalsstaði til þess að bæta einu dagbókarbroti við hin fyrri og svara spurningum forvitins skólafólks. Auk textans, sem ritaður er beint á vegginn með filtpenna, fylgir fjölbreytilegt safn af ljósmyndum hverjum degi. Þar má sjá hvað þau feðginin höfðust að frá því þau vöknuðu eldsnemma á morgnana uns þau voru aftur komin inn í draumaland næstu nætur. Neðst, eftir veggnum endilöngum, fékk Lóa litla að athafna sig með liti sína og leikandi teiknistíl.

Ef til vill er það ekki merkilegur hlutur að halda dagbók á veggjum Kjarvalsstaða, en þetta er þó eitt af þeim skrásetningarformum sem Hlynur hefur tileinkað sér með eftirtektarverðum árangri á nokkurra ára veru sinni í Hannover í Þýskalandi. Þar er hann búsettur ásamt fjölskyldunni, en sér sér fært að koma öðru hvoru heim á Frónið til að taka þátt í sýningum.

Ef til vill skýrir útlegðin þá merkilegu og fjölskrúðugu tilveru sem þau Hlynur og Lóa upplifa hér í landlegu. Þótt þau nái ekki alveg Tinna og litla hundinum hans er líf þeirra fullt af ævintýrum hversdagsins. Reyndar er merkilegt að sjá hinn mikla mun sem er á textanum á veggnum - og gestir geta lesið línu fyrir línu - og ljósmyndunum sem ramma hvert dagbókarbrot með frjálslegum og ókerfisbundnum hætti. Það er eins og miklu meira og markverðara gerist í ljósmyndunum en textanum þó að báðir miðlar fylgi hverjum degi eftir af mikilli natni og nákvæmni.

Frásagnarstíll Hlyns er hlutlægur, svo sumum finnst sem hann haldi sig til hlés að yfirlögðu ráði. Það er mesti misskilningur, enda hefur hann ekkert að fela eftir því sem næst verður komist. Þessi hlutlægi stíll hans fellur prýðilega að ljósmyndunum því þær eru þrátt fyrir nákvæmni miðilsins mun óraunsærri en textinn. Þar koma til öll veisluhöldin út af sýningunni og alls kyns kaffiboð sem ekki falla beinlínis að hugmyndum okkar um raunsæi og hlutlæga dagfarslýsingu. Getur verið að ævintýrin hendi okkur hversdagslega í ríkari mæli en við viljum vera láta, en penninn hafi tilhneigingu til að breiða yfir þá staðreynd? Svo furðulega sem það kann að hljóma lýsir veggur Hlyns hlutlægri upplifun sem mannfagnaði og veisluhöldum, meðan huglæga tilverustigið gengur gegnum miklu hversdagslegri reynslu. Einhvern tímann var þessu öfugt varið. Menn hurfu á vit ævintýrisins, langt burt frá grámyglulegum hversdagsleikanum. Nú upplifir hinn áþreifanlegi nútímamaður veislu nær daglega með vinum, kunningjum og vandamönnum. Á meðan verður hugur hans að gera sér rútínuna í einangrun að góðu. Það er svona óvenjuleg uppgötvun sem gerir veggverk á borð við Hlyns að svo spennandi tjáningarformi. Enginn veit fyrirfram hvaða ályktanir má draga af því og trúlega koma þær listamanninum jafnskemmtilega á óvart og okkur aðnjótendum.

Halldór Björn Runólfsson



Morgunblaðið/Kristinn

Hlynur Hallsson við hluta af dagbókum sínum.

M-2000

Laugardagur 5. febrúar

Martino Tirimo

Kýpverski pianóleikarinn Martino Tirimo heldur eina tónleika í Íslensku óperunni. Miðasala fer fram í Íslensku óperunni en tónleikarnir hefjast kl. 14:30.

Rokk í Reykjavík

Ný og óritskoðuð útgáfa af Rokki í Reykjavík með enskum texta sýnd í Háskólabíói kl. 23.00.

Tónleikar Tirimos í dag



Martino Tirimo

TÓNLEIKAR pianóleikarans Martinos Tirimos verða í Íslensku óperunni í dag, laugardag, kl. 14.30 en ekki á sunnudag, eins og ranghermt var í blaðinu í gær. Hann verður á ferð í Tónlistarskólanum í Reykjavík á morgun. Á efnisskrá Tirimos, sem þykir í fremstu röð í heiminum, eru verk eftir Chopin og Beethoven.

